

**Námsáætlun fyrir hönnun og smíði - 7. bekkur  
skólaárið 2020 - 2021**



**Kennari:** Jóhanna Kristín Hauksdóttir

**Tímafjöldi:** 2 kennslustundir á viku hálf t skólaárið

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
<b>Handverk, aðferðir og tækni</b>	<p>Notað mismunandi aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum</p> <p>Unnið úr nokkrum gerðum smíðaefna</p> <p>Unnið eftir einföldum leiðbeiningum</p>	<p>Nemendur þjálfast í að nota hefilbekk, helstu mælitæki s. s. málstokk og málband.</p> <p>Nemendur læri að nota raspa, þjali, sikling og mismunandi sandpappír sem hæfir efni.</p> <p>Nemendur læri að nota sög, hamar, naglbít, skrufjárn, og flest önnur handverkfæri. Einnig borvél, juðara og tifsög.</p> <p>Nemendur þjálfist að nota akrýlliti, bæs, lökk og persónuhlífar.</p>	<p>Kennari sinnir leiðsagnarmati á meðan á vinnu nemenda stendur.</p> <p>Vinnubrögð og færni eru metin á vinnutímabilinu.</p> <p>Frammistaða í tímum er metin.</p>
<b>Sköpun, hönnun og útfærsla</b>	<p>Tjáð hugmyndir sínar með þrívíðri skissu</p> <p>Notað yfirborðsmeðferð á mismunandi hátt.</p>	<p>Krossviður- fura. Nemendur teikna mynd af viðfangsefni eftir eigin hugmynd, yfirfæra á krossvið eða furu. Forma með viðeigandi verkfærum. Slípa, lita og lakka.</p> <p>Krossviður–Plexigler. Verkefni af ýmsum toga</p>	<p>Metin er hugmyndavinna sköpun og útfærsla á eigin hugmyndum við verkefnavinnu.</p>
<b>Menning og umhverfi</b>	<p>Sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt</p>	<p>Nemendur læri um íslenskar viðartegundir og vinni verkefni tengdum þeim.</p>	<p>Metin er skilningur nemenda á mismunandi smíðaefnum.</p>

	<p>Notað ný og endurunnin efni í smíðavinnu.</p> <p>Noti tilheyrandi hlífðarbúnað og vinnustellingar.</p>	<p>Sem dæmi: Nemandi finnur efni úti og kemur með það í smíðastofuna og vinnur með það.</p> <p>Noti hlífðargleraugu og eyrnahlífar.</p>	<p>Metin er hæfi til að vinna með ólíkum vinnubrögðum við verkefnagerð.</p>
<p><b>Námsgögn:</b> Bækur, blöð og snið sem tengist smíði, verkefnahugmyndir og fræðslumyndbönd af veraldarvefnum ásamt efniviði og verkfærum í eigu skólans.</p>			
<p><b>Lokanámsmat:</b> Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt.</p>			